

**1990 nr. 129 31. desember****Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**

Tóku gildi 14. janúar 1991. Breytt með l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 115/2015 (tóku gildi 16. des. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Markmið og gildissvið.**

■ **1. gr.** Markmið laga þessara er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra.

■ **2. gr.** Hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að annast:

- a. rannsóknir á íslensku táknmáli,
- b. kennslu táknmáls,
- c. táknmálstúlkun,
- d. aðra þjónustu.

□ Um skipan þjónustunnar skal kveðið á í reglugerð.<sup>1)</sup>

□ Stofnunin skal hafa samstarf við svæðisstjórnir um mál efni [fatlaðs fólks].<sup>2)</sup> Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.

<sup>1)</sup> *Rg. 1058/2003, sbr. 884/2004.* <sup>2)</sup> *L. 115/2015, 28. gr.*

**II. kafli. Stjórnun.**

■ **3. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara:

- a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi heyrnarlausra,
- b. einn fulltrúa tilnefndan af Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra,

c. [tvo fulltrúa tilnefnda af [ráðherra er fer með málefni fatlaðs fólks],<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

[d.]<sup>2)</sup> skipar [ráðherra]<sup>1)</sup> einn fulltrúa án tilnefningar. Skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

<sup>1)</sup> *L. 126/2011, 149. gr.* <sup>2)</sup> *L. 162/2010, 7. gr.*

■ **4. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar forstöðumann til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

<sup>1)</sup> *L. 126/2011, 149. gr.*

■ **5. gr.** [Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> *L. 83/1997, 125. gr.*

■ **6. gr.** Samskiptamiðstöð gerir fjárhags- og framkvæmda-áætlun til allt að fimm ára. Stjórn stofnunarinnar staðfestir áætlunir og fylgist með framkvæmd þeirra. [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem samskiptamiðstöðin veitir.

<sup>1)</sup> *L. 126/2011, 149. gr.*

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.